

Þróunarverkefni haustið 2003

**Sumarlokanir í leikskólum
á Akureyri**



Akureyri, nóvember, 2003

Efnisyfirlit:

Bls.

1. Inngangur: Tilgangur og markmið verkefnisins og hvernig unnið var að því.	3
2. Aðdragandi verkefnisins	4
3. Niðurstöður könnunar hjá foreldrum og forráðamönnum.	4
4. Niðurstöður könnunar hjá starfsfólki á leikskólunum.	9
5. Niðurstöður könnunar hjá fyrirtækjum og stofnunum.	12
6. Upplýsingar frá öðrum sveitarfélögum hér á landi og á Norðurlöndunum.	13
7. Samantekt á helstu niðurstöðum.	14

Inngangur.

Könnun þessi á viðhorfum til sumarlokunar leikskólanna á Akureyri er unnin á vegum Skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri. Könnunin er gerð að beiðni Skólanefndar Akureyrar og unnin af Ingólfi Ármannssyni, fv. skóla- og menningarfulltrúa.

Fram kvæmd könnunarinnar var skipt í fjóra þætti og framkvæmd í seinnihluta október 2003.

- Könnun hjá foreldrum og forráðamönnum barna sem nú eru í leikskólum á Akureyri. Sú könnun var þannig framkvæmd að öllum foreldrum var gefinn kostur á að svara ákveðnum spurningum í tölvu.
- Könnun hjá starfsfólki á leikskólunum á Akureyri. Sú könnun var framkvæmd á sama hátt og hjá foreldrum og forráðamönnum.
- Könnun hjá forsvarsmönnum fyrirtækja og stofnana. Sú könnun var gerð með viðtölum við fulltrúa fyrirtækja, sem valin voru út frá því sjónarmiði að ná til sem flestra geira atvinnulífsins á Akureyri.
- Öflun upplýsinga um fyrirkomulag sumarlokana leikskóla í öðrum sveitarfélögum hér á landi og á Norðurlöndunum.

Helstu niðurstöður úr könnuninum koma fram hér á eftir í þessari skýrslu.

Akureyri 12. nóvember 2003

Trausti Þorsteinsson
Forstöðumaður
Skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri

Aðdragandi verkefnisins.

Á s.l. vetri urðu þónokkrar umræður bæði hér á Akureyri og á höfuðborgarsvæðinu, einkum í Reykjavík, um sumarlokanir á leikskólum og lengd þeirra. Röksemdir sem fram komu í þeim umræðum voru margskonar og greinilega mismunandi áherslur eftir hagsmunahópum.

Í fyrsta lagi var lögð áhersla á faglega þætti í starfi leikskólanna og umönnun þeirra á börnunum í breyttu umhverfi, m.a. þörf barnanna fyrir samfellt sumarfrí með sínum fjölskyldum, ná æskilegri festu í störfum leikskólanna, m.a. með formlegu upphafi og endi á leikskólaárinu og hættunni á rótleysi hjá börnunum vegna breytinga hjá starfsfólki með afleysingum og tilflutningum. Þá kom einnig inn í umræðuna þörfin á aukinni einsetningu leikskólanna vegna almennt lengri dvalar leikskólarnanna þar. Í öðru lagi voru síðan dregin fram vandkvæði og þarfir foreldranna og þeirra fyrirtækja og stofnana sem þeir unnu hjá. Þar var m.a. bent á að erfitt væri fyrir foreldrana að fá sitt sumarfrí á sama tíma og börnin, þar sem slíkt rækist á við starfsemi fyrirtækjanna eða stofnananna og þá yrði mjög mikið rót á börnunum sem þyrfti að finna bráðabirgðagæslu fyrir hjá ættingjum eða vinum. Einnig var bent á að ekki væri lengur hægt að treysta í sama mæli og áður á eldri systkini eða önnur börn eða unglunga, þar sem samfélagið sé orðið flóknara og því ekki forsvaranlegt að leggja svo mikla ábyrgð á þá.

Í þriðja lagi var rætt um hagræðingu í rekstri leikskólanna með sumarlokunum, bæði vegna þess að þá þyrfti ekki að ráða afleysingafólk í sama mæli og ella og einnig gæfi Lokunin meira svigrúm til nauðsynlegs viðhalds á byggingum og lóðum.

Í umræðunum kom einnig fram að æskilegt væri að ákvarðanir stjórnvalda um fyrirkomulag lægju fyrir með löngum fyrirvara, því að þá hefðu foreldrar lengri tíma til að gera nauðsynlegar ráðstafanir varðandi eigin sumarfrí o.þ.h.

Í framhaldi af þessum umræðum var síðan ákveðið að óska eftir víðtækri könnun hlutlausra aðila á viðhorfum þeirra sem mest tengjast málinu.

Niðurstöður kannana hjá foreldrum og forráðamönnum.

Könnun hjá foreldrum og forráðamönnum var framkvæmd í hverjum leikskóla fyrir sig dagana 22.-24. október og foreldrum allra barna gefinn kostur á að taka þátt í henni. Foreldrar og starfsfólk voru beðin að svara spurningum sem settar voru upp í tölvuforritinu Glerverk og svöruðu þátttakendur spurningunum á tölvunni og slógu einnig inn þær röksemdir og athugasemdir sem þeir vildu koma á framfæri.


Samtals svöruðu 651 foreldrar/forráðamenn spurningunum, sem er 67,3 % af fjölda barna í leikskólunum en þau voru samtals 968 í október s.l. Við mat á hlutfallslegum fjölda svarenda þarf einnig að hafa í huga að 81 barn á leikskólunum á systkini þar og í einhverjum tilvikum kann að vera að báðir foreldrar barns hafi svarað könnuninni.

Það sem einkum var verið að leita svara við var hver viðhorfin væru til sumarlokana í leikskólunum á Akureyri.

Hér á eftir koma spurningarnar eins og þær voru lagðar fram í könnuninni og yfirlit yfir heildarsvör við hverri spurningu:


1. Hvað er barnið þitt lengi í leikskólanum?

Eins og fram kemur hér að neðan þá eru 84.8 % barnanna í meira en hálfan dag á leikskólanum.



2. Telur þú að leikskólarnir eigi að hafa lokað einhvern tíma á sumrin?

Hér að neðan sést að 81,3 % foreldra vilja enga eða 2ja vikna sumarlokun í leikskólunum en 57,2 % telja æskilegt að leikskólarnir séu lokaðir einhvern tíma sumarsins.




3. Áttir þú barn á leikskóla á Akureyri s.l. sumar?

Fram kom að 534 svarenda, eða 82,4 %, áttu börn í leikskólunum s.l. ár.


4. Hversu miklum erfiðleikum olli lokun leikskólanna sl. sumar þér?

Hlutfall þeirra sem áttu í þó nokkrum eða miklum erfiðleikum reyndist 27,5 %, eins og sést hér að neðan:




5. Ef svarið var "miklum" við 4.spurn. hver var þá orsök erfiðleikanna:

Vandamálín voru einkum vegna sumarleyfa foreldranna eða í 59 % tilfella, eins og súluritið sýnir.




6. Hverjir önnuðust helst barnið meðan leikskólinn var lokaður:

Á súluritinu kemur fram að foreldrarnir önnuðust börnin í 72,5 % tilvika.




7. Ertu sátt(ur) við regluna um 4 vikna samfelld sumarfrí barnanna á leikskólunum?

Eins og sést hér að neðan, þá er meirhluti þeirra svarenda sem taka afstöðu, eða 63,2 %, sáttur við regluna um 4 vikna samfelld sumarfrí á leikskólunum.



8. Ef svarið var nei við 7. spurningu, hvert ætti fyrirkomulagið að vera fyrir barnið?


Af þeim sem ekki voru sáttir við 4 vikna samfelld frí barnanna taldi 78 % svarenda að valið eigi að vera opið fyrir foreldra.




Mismunur eftir því við hvað foreldrarnir starfa.

Hér á eftir sést skipting barnanna á leikskólunum eftir því hve lengi þau eru í leikskólunum hvern dag og eftir starfsvettvangi foreldranna. Þar kemur greinilega fram að meirihluti foreldranna vinnur við þjónustustörf eða samtals 55,5 % og þar af starfa 38,9 % foreldranna við opinbera þjónustu.

Það sést einnig að heimavinnandi foreldrar eru næst stærsti hópurinn og þau sem nota mest 4 klst. vistun í leikskólanum. Hér þarf að hafa í huga að sennilega eru háskólanemar nokkur hluti af þessum hóp.



Á súluritinu hér fyrir neðan kemur greinilega fram að þeir foreldrar sem eru í þjónustustörfum eiga helst í erfiðleikum vegna sumarlokana í leikskólunum. Þannig eru þeir 58,0 % svarenda sem eru í miklum erfiðleikum og 73,1 % þeirra sem eru í þó nokkrum erfiðleikum.



Rökstuðningur og athugasemdir foreldra:

Ýmis rök og athugasemdir komu fram hjá svarendum, tengd spurningunum um sumarlokun leikskólanna og regluna um 4 vikna samfellt frí barnanna úr leikskólanum og hér eru sett með nokkur sýnishorn:

- Já, gott fyrir börnin að komast í smá frí, annars verða þau þreytt á leikskólanum.
- Nei, það getur valdið miklum erfiðleikum hjá foreldrum í sambandi við að fá frí úr vinnu. Barnið þarf þá að vera hér og þar í pössun, sem veldur aukakostnaði og óþægindum, bæði fyrir barn og foreldra.
- Já, annars eru fá börn yfir dreifðari tíma og það verður erfiðara fyrir starfseminna.
- Nei, það á að ráða sumarfleysingafólk, eins og á öðrum stofnunum.
- Já, annars er of mikið rót á börnunum vegna sumarfleysingafólks og vegna þess að barnahópurinn er sífellt að breytast.
- Nei og miðað við fjölskyldustefnu Akureyrarbæjar þá ættu foreldrar ekki að þurfa að skipta sumarfríi sínu þannig að þau geti kannski ekki verið saman í sumarfríi nema hálfan mánuð á sumri.
- Já, gott að allir fari í frí á sama tíma. Líka gott fyrir aðlögun og þá eru leikfélagar í fríi á sama tíma.
- Nei, mér finnst slæmt að þurfa að borga fullt gjald þó að barnið fari í frí í hálfan mánuð á öðrum tíma sumarsins en þegar leikskólinn er lokaður og það fellur mér ekki.
- Já það þéttir mætinguna og svo verða nokkurs konar árstíðaskil. Mætingin verður ekki alveg eins dreifð og þegar ekkert er lokað.
- Nei, þetta er þjónusta sem við erum að kaupa handa börnunum okkar og hana ekkert ódýra. Mér finnst það heldur lágt þjónustustig að skella í lás og foreldrar hafi ekkert um það að segja.

Samtals voru athugasemdirnar nálega 900 en að lang mestu leyti endurtekningar á þeim sjónarmiðum sem fram koma í þeim sýnishornum sem hér voru dregin fram.

Um 63 % athugasemdanna voru jákvæðar varðandi þessar spurningar um einhverja sumarlokun leikskólanna og samfelld 4 vikna frí hjá börnunum.


Niðurstöður könnunar hjá starfsfólki á leikskólunum.

Könnun hjá starfsfólki leikskólanna var framkvæmd í hverjum leikskóla fyrir sig dagana 27.- 28. október og öllu starfsfólki á leikskólunum gefinn kostur á að taka þátt í henni. Framkvæmdin var eins og í könnuninni hjá foreldrum/forráðamönnum. Samtals svörðuðu 182 starfsmenn spurningunum, sem er 75,5 % af heildarfjölda starfsfólks í leikskólunum, en það voru samtals 241 starfandi þar í október s.l.

Hér á eftir koma spurningarnar eins og þær voru lagðar fram í könnuninni og yfirlit yfir heildarsvör við hverri spurningu:

1. Telur þú að leikskólarnir eigi að hafa lokað einhvern tíma á sumrin:

Eins og fram kemur hér að neðan, þá er sá fjöldi starfsfólks, sem telur 2 vikur hæfilegan lokunartíma 39,8 %




2. Olli lokun leikskólanna á Akureyri í 2 vikur þér erfiðleikum s.l. sumar:

Fram kom að hlutfall þeirra sem áttu í erfiðleikum vegna 2 vikna lokunar s.l. sumar var 21 starfsmaður af 182 svarendum eða 11,5 %.

3. Ef svarið var "já" við 2.spurn. hver var þá orsök erfiðleikanna:

Eins og sjá má af súluritinu, þá eru orsakir erfiðleika starfsfólksins margvíslegar.




4. Ertu sátt(ur) við reglu um 4 vikna samfelld sumarfrí á leikskólunum?

Af 183 svarendum eru 163 leikskólustarfsfólks eða 89,1 % sátt við 4 vikna samfelld sumarleyfi leikskólabarnanna.

5. Ef þú svaraðir nei, hvert telurðu þá að fyrirkomulagið ætti að vera fyrir barnið?

Af þeim sem eru ósáttir vilja flestir "opið val foreldra" eða 55,9 % svarenda, eins og fram kemur hér að neðan.



Rökstuðningur og athugasemdir starfsfólks leikskólanna:

Ýmis rök og athugasemdir komu fram hjá svarendum, tengd spurningunum um sumarlokun leikskólanna og reglunni um 4 vikna samfelld frí barnanna úr leikskólanum og hér eru sett með nokkur sýnishorn:

- Já, það er gott, bæði fyrir börn og starfsfólk. Börnin þurfa ekki stöðugt að vera að aðlagast nýju starfsfólki. Einnig betra rekstrarlega séð.
- Nei, foreldrar hafa þá ekki val um hvenær þeir fara í sumarfrí.
- Já, það er nauðsynlegt að leikskólastarfið, eins og annað skólastarf, hafi upphaf og endi. Ef foreldrar vita þetta með löngum fyrirvara er yfirleitt hægt að gera ráðstafanir.
- Nei, það getur valdið óþarfa álagi á fjölskyldu og barn, þegar finna þarf pössun ef foreldrar geta ekki fengið frí á sama tíma og barnið.
- Já, öll börn þurfa að fá sumarfrí og 4 vikur eru alveg lágmark fyrir hvert barn og það samfelld.
- Nei, af því að þetta er þjónusta og mér finnst að foreldrarnir eigi að hafa val hvenær þeir fara í frí, þ.e.a.s. faðir og móðir hafi tök á því að fara saman í frí með börnunum sínum. Það getur verið erfitt fyrir foreldrana að fá alltaf frí í júlímánuði.
- Já, ég held að sumarlokun geri það að verkum að börn sem annars hefðu kannski fengið lítil eða ekkert frí frá leikskólanum fái örugglega tilbreytingu.
- Nei, því að börnin eru orðin brjáluð eftir þennan tíma og farin að þróa að komast aftur í leikskólann. Þetta er töluverð röskun á þeirra veröld ef maður hugsar til þess.
- Já, til þess að hvíla börn, starfsfólk og garða og til þess að skapa upphaf og endi á skólaári leikskólanna.

- Nei, það á að vera val hvers og eins hvenær að sumrinu hann tekur sér sumarfrí. Að þurfa að taka sumarfrí á ákveðnum tíma (sem leikskólinn segir til um) er ekki forsvaranlegt þar sem það bitnar á foreldrum sem þurfa að leysa málið á sínum vinnustöðum. Leikskólinn er lokaður á “vinsælasta” sumarfrístíma og því verður þetta bitbein á vinnustöðum og talað um “foreldra leikskólabarna” sem þurfi alltaf forgang. Þetta á enginn að þurfa að lifa við í Lýðræðisríkinu Ísland....hvað þá á AKureyri.

Samtals voru athugasemdirnar um 300 en að lang mestu leyti endurtekningar á þeim sjónarmiðum sem fram koma í þeim sýnishornum sem hér voru dregin fram.

Um 61 % athugasemdanna voru jákvæðar varðandi þessar spurningar um einhverja sumarlokun leikskólanna og samfelld 4 vikna frí hjá börnunum.

Niðurstöður könnunar hjá fyrirtækjum og stofnunum.

Þessi könnun var gerð með viðtölum við fulltrúa fyrirtækja, sem valin voru út frá því sjónarmiði að ná til sem flestra geira atvinnulífsins á Akureyri.

Alls var rætt við 16 manns hjá 14 fyrirtækjum, sem hafa samtals 1.498 starfsmenn. Viðmælendurnir skiptust þannig að 4 voru forstöðumenn, 6 starfsmannastjórar og 6 millistjórnendur (verkstjórar). Af viðmælendum voru 11 karlmenn og 6 konur. Starfsemi fyrirtækjanna skiptist þannig, að 6 voru úr framleiðslugeiranum, 5 þjónustufyrirtæki, 1 með blandaða starfsemi og 2 opinberar stofnanir.

Við spurningunni: *“Olli lokun leikskólanna á Akureyri í 2 vikur erfiðleikum s.l. sumar hjá fyrirtækinu/stofnuninni”* svöruðu fulltrúar 5 fyrirtækja/stofnana játandi og í öllum tilvikum var orsök árekstrar við sumarleyfi starfsmanna. Fulltrúar 9 fyrirtækja töldu að lokunin hefði ekki valdið erfiðleikum hjá þeim.

Við spurningunni: *“Í starfi leikskólanna er gert ráð fyrir að hvert barn fái að minnsta kosti 4 vikna samfelld frí úr leikskólanum á hverju sumri, hvort sem lokað er í leikskólanum eða ekki”* svöruðu fulltrúar 9 fyrirtækja/stofnana því játandi að svo langur samfelldur tími gæti valdið erfiðleikum og 8 þeirra töldu æskilegast frá sjónarhóli fyrirtækjanna, að foreldrarnir hefðu opið val um hvenær börn þeirra væru í frí úr leikskólanum og hvað lengi samfelld.

Spurningunni: *“Hvað er ásættanlegt að leikskólarnir hafi lokað lengi á sumrin”* svöruðu 7 þannig að þeir töldu að leikskólarnir ættu ekkert að loka yfir sumarið, 8 töldu lokun í 2 vikur ásættanlega og 1 taldi 3 vikur ásættanlegar.

Auk þessara beinu spurninga um sumarlokanir voru einnig bornar fram tvær aukaspurningar, sem tengjast starfsemi leikskólanna, þó að þær tengist ekki sumarlokunum.

Í annarri spurningunni var spurt *hvort mikið væri um leyfi hjá starfsmönnum vegna veikinda barna* og hvort það væri almennt að foreldrar skiptust á að taka leyfi í slíkum tilvikum. 12 viðmælenda töldu mikið um slík leyfi og 6 þeirra töldu að oftast skiptust foreldrarnir á að óska eftir slíkum leyfum.

Í hinni spurningunni var spurt *hvort lokanir á leikskólunum vegna undirbúningsdaga hjá starfsfólki þeirra yllu vandkvæðum* hjá fyrirtækjunum. 4 svöruðu því játandi og 2

Þeirra bentu sérstaklega á að það kæmi sér illa, þegar slíkar lokanir væru á föstudögum, sem væru miklir álagsdagar hjá þeim fyrirtækjum. Einn svarenda taldi að lokanir vegna undirbúningsdaga væru ekki vandamál hjá þeim, en hins vegar væri mun erfiðara hjá þeim, þegar foreldrum væri boðið upp á stuttar heimsóknir á miðjum starfsdögum. Hann taldi að það væri mjög æskilegt ef hægt væri að koma slíkum heimsóknum fyrir t.d. í byrjun vinnudags.

Upplýsingar frá öðrum sveitarfélögum hér á landi og á Norðurlöndunum.

Lokun leikskóla í öðrum sveitarfélögum á Íslandi:

Reykjavík: Öllum leikskólum, nema einum, var lokað *í 4 vikur* s.l. sumar. Engar ákvarðanir hafa verið teknar varðandi næsta sumar.

Kópavogur: Öllum leikskólum var lokað *í 4 vikur* s.l. sumar. Búið að ákveða sama fyrirkomulag næsta sumar.

Hafnarfjörður: Öllum leikskólum var lokað *í 5 vikur* s.l. sumar. Fræðsluráð hefur samþykkt tillögu til bæjarstjórnar um að næstu 3 ár verði leikskólarnir lokaðir 5 vikur hvert sumar.

Garðabær: *Engar sumarlokanir*. Sumar deildir sameinaðar í júlí. Engar umræður í gangi um breytingar næsta sumar.

Seltjarnarnes: Báðum leikskólunum var lokað *í 4 vikur* s.l. sumar. Engar ákvarðanir verið teknar um næsta sumar.

Reykjanesbær: Leikskólunum var lokað *í 5 vikur* s.l. sumar. Engar umræður í gangi um breytingar næsta sumar.


Akranes: Þrír leikskólar – öllum var lokað *í 2 vikur* s.l. sumar. Engar ákvarðanir verið teknar um næsta sumar.

Árborg: Leikskólunum var lokað *í 24 daga eða 5 vikur*. Engar umræður í gangi um breytingar næsta sumar.

Húsavík: Þar var leikskólunum *ekkert lokað* s.l. sumar.

Dalvík: Þar var leikskólunum lokað *í 2 vikur* s.l. sumar.

Samanburður á sumarlokunum leikskóla í öðrum sveitarfélögum hér á landi:



Vinabær Akureyrar á Norðurlöndunum:

Randers: *Engar sumarlokanir* hjá þeim, en í sumum dönskum leikskólum eru sumarlokanir, eins og t.d. í Silkeborg.

Ålesund: Leikskólar sveitarfélagsins (15) hafa lokað *allan júlímánuð* en einkareknir leikskólar (30) fylgja ýmist leikskólum sveitarfélagsins og hafa lokað *allan júlímánuð* eða hafa opið allt sumarið.

Västerås: Þar eru bæði einkareknir leikskólar og leikskólar á vegum bæjarins. Einkareknu leikskólarnir loka yfirleitt *í 4 vikur* á sumrin en leikskólar bæjarins skiptast á um að hafa opið á sumrin. Þannig er hægt að vísa foreldrum sem þurfa þjónustu meðan lokað er á einhvern annan leikskóla sem hefur opið. Þetta hefur verið svona nokkuð lengi og ekki gert ráð fyrir breytingum á næstunni.

Lahti: Í Lahti og annars staðar í Finnlandi eru leikskólar lokaðir *frá júní fram í miðjan ágúst*, en þó geta þeir sem þess óska fengið leikskólaþjónustu á þessum tíma. Nánari upplýsingar í “Early Childhood – Finland”.

Samantekt á helstu niðurstöðum.

Hér á eftir verður reynt að bera saman þær upplýsingar sem fengust úr könnunum hjá þessum mismunandi aðilum sem leitað var til:

Áreiðanleiki kannananna.

Í könnuninni hjá foreldrum og forráðamönnum barna í leikskólunum voru svaendur samtals 651 sem var 67,3 % af fjölda barna á leikskólanum og virðist það mjög marktækt úrtak.

Í könnuninni hjá starfsfólki leikskólanna voru svaendur samtals 182 eða 75,5 % af fjölda starfsmanna á leikskólunum og er það einnig mjög marktækt úrtak.

Í viðtölunum við stjórnendur fyrirtækja og stofnana var rætt við 16 manns hjá 14 fyrirtækjum, sem hafa samtals 1.498 starfsmenn. Fyrirtækin voru valin út frá því sjónarmiði að ná til sem flestra geira atvinnulífsins á Akureyri. Starfsemi fyrirtækjanna skiptist þannig, að 6 voru úr framleiðslugeiranum, 5 þjónustufyrirtæki, 1 með blandaða starfsemi og 2 opinberar stofnanir. Fjöldi starfsmanna hjá hverju fyrirtæki var allt frá 5 og upp í 650. Vegna þess hvað viðmælendur eru fáir er ljóst að skekkjumörk í þessari könnun eru verulega hærri en í hinum könnunum.

Hugmyndir um lengd sumarlokana í leikskólunum.

Hjá foreldrum og forráðamönnum kemur fram að 81,3 % þeirra vilja enga eða 2ja vikna sumarlokun í leikskólunum.

Hjá starfsfólki leikskólanna vilja 54,7 % þeirra enga eða 2ja vikna sumarlokun en 46,3 % lengri lokun.

Hjá fulltrúum fyrirtækja og stofnana kom fram að 15 af 16 svarendum eða 93,8 % töldu æskilegast að sumarlokun væri engin eða 2 vikur.

Hjá öðrum sveitarfélögum á Íslandi sem upplýsingar fengust frá kom í ljós að 4 af 10 eða 40 % þeirra voru með enga eða 2ja vikna lokun s.l. sumar. Hin 6 sveitarfélögin voru með 4 eða 5 vikna sumarlokun.

Hjá vinabæjum Akureyrar á Norðurlöndunum fengust þær upplýsingar að aðeins í Randers voru engar lokanir, en breytilegt eftir gerð leikskóla í Ålesund og Västerås (ýmist reknir af sveitarfélögunum eða einkareknir) og í Lahti fylgir sumarlokun leikskólanna öðrum skólum, þ.e. frá júní og fram í miðjan ágúst.

Úr “Leikskólastefnu Félags leikskólakennara”:

“FL leggur áherslu á að leikskólum sé lokað að minnsta kosti 4 vikur samfelld á sumrin og að leikskólastarfsemi skuli skipulögð þannig að leikskólaárið hafi upphaf og endi.”

Mat á lengd samfellds sumarleyfis hjá börnum á leikskólum.

Hjá foreldrum og forráðamönnum eru svörin þannig að af þeim sem taka afstöðu eru 368 af 582 eða 63,2 % sáttir við 4 vikna samfelld sumarleyfi hjá börnunum.

Hjá starfsfólki leikskólanna eru 163 af 182 eða 89,1 % svarenda sáttir við 4 vikna samfelld sumarleyfi hjá börnunum.

Í könnuninni hjá fyrirtækjum og stofnunum kom fram að 9 af 17 viðmælendum, eða 52,9 %, voru sáttir við 4 vikna samfelld sumarleyfi hjá börnunum.

Erfiðleikar vegna lokunar leikskólanna á Akureyri s.l. sumar.

Hjá foreldrum og forráðamönnum varð niðurstaða könnunarinnar sú að hjá foreldrum 119 barna, eða 27,5 %, svarenda, olli lokunin nokkrum eða miklum erfiðleikum og þá einkum vegna sumarleyfa foreldra eða í 59 % tilvika hjá þessum hópi.

Hjá starfsfólki leikskólanna kom fram að hjá 21 starfsmanni, sem er 11,5 % svarenda, olli lokunin nokkrum eða miklum erfiðleikum og þá einkum vegna sumarleyfa maka og tímasetningar lokunarinnar eða í 61,5 % tilvika hjá þessum hópi.

Í könnuninni hjá fyrirtækjum og stofnunum kom fram hjá 5 viðmælendum af 14, eða 35,7 % þeirra, að lokunin olli nokkrum erfiðleikum hjá sumum starfsmanna og þá ætíð vegna árekstra við sumarleyfi þeirra.

Sumarleyfisskráning leikskólabarna s.l. sumar.

Í samantekt á sumarleyfisskráningum leikskólabarna s.l. sumar kemur m.a. fram að 16,1 % þeirra barna sem gert var ráð fyrir að yrðu á leikskólunum tímabilið frá byrjun júlí og fram í miðjan ágúst mættu ekki. Í vikunni 21.-25. júlí voru fæst börn í leikskólunum í sumar eða 71 barn í þeim leikskólum sem þá voru opnir eða að meðaltali um 12 börn í hverjum þeirra.

Þá kom einnig fram að alls voru það 26 börn sem ekki tóku samfelld sumarfrí s.l. sumar.

Aðeins var óskað eftir flutningi á tveimur börnum á milli leikskóla, þann tíma sem heimaleikskólar barnanna voru lokaðir og var annað barnið í öðrum leikskóla í 8 daga og hitt í eina viku.

Sjá nánari sundurliðun í fylgiskjali frá Skóladeild Akureyrarbæjar.

Önnur atriði sem fram komu og eru athygli verð.

- Þörfin fyrir einsetningu leikskólanna virðist stöðugt aukast, eins og sést af því að 84,8 % barna foreldra/forráðamanna sem svara eru meira en hálfan dag í leikskólanum.
- Í viðræðum við fulltrúa fyrirtækja og stofnana var einnig spurt hvort lokanir á leikskólunum vegna undirbúningsdaga hjá starfsfólki þeirra yllu vandkvæðum hjá fyrirtækjunum. 4 svöruðu því játandi og 2 þeirra bentu sérstaklega á að það kæmi sér illa, þegar slíkar lokanir væru á föstudögum, sem væru miklir álagsdagar hjá þeim fyrirtækjum.
- Einn af fulltrúum fyrirtækja vildi benda á að það væru vissir erfiðleikar hjá þeim, þegar foreldrum væri boðið upp á stuttar heimsóknir á miðjum starfsdögum. Hann taldi að það væri mjög æskilegt ef hægt væri að koma slíkum heimsóknum fyrir t.d. í byrjun vinnudags.